

AUGLÝSING

86

16. júní

um

framlengingu á samkomulögum þeim, er gerð voru þann 11. ágúst 1927 og 11. júlí 1931, milli Íslands og Danmerkur, um ívilnun í tekju- og eignarskatti til ríkisins og um ívilnun í útsvörum.

Þann 15. júní sendu forsætisráðherrann og danski sendiherrann í Reykjavík hvor öðrum eftirfarandi erindi:

Reykjavík, 15. júní 1932.

Herra sendiherra.

Með tilvísun til fyrri bréfa, snertandi samkomulög þau, er gerð voru milli Íslands og Danmerkur þann 11. ágúst 1927 og 11. júlí 1931, um ívilnun í tekju- og eignarskatti til ríkisins og um ívilnun í útsvörum handa þeim mönnum, sem greiða eiga skatt samtímis á báðum stöðum, leyfi ég mér hér með að skýra frá, að íslenska ríkisstjórnin er samþykk dönsku ríkisstjórninni í, að samkomulög þessi verði framlengd, þannig að þau taki til ríkisskatta og útsvara fyrir skattárið 1931—1932 og gildi áfram í 5 skattár, að skattárinu 1935—1936 meðtöldu.

Ég lít því svo á, að með þessu erindi og með hliðstæðu erindi yðar, dagsettu í dag, sé gert samkomulag um þetta efni milli ríkisstjórnanna.

Móttakið, herra sendiherra, fullvissu um alveg sérstaka virðingu mína.

Ásgeir Ásgeirsson.

Herra

sendiherra Fr. de Fontenay,

Stk. af I. F., p. p.

Reykjavík.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 16. júní 1932.

Ásgeir Ásgeirsson.

Reykjavík, 15. Juni 1932.

Hr. Försteminister.

Under Henvisning til tidligere Brevveksling vedrørende de mellem Danmark og Island under 11. August 1927 og 11. Juli 1931 afsluttede Overenskomster om Lempelser i Beskatning af henholdsvis Indkomst og Formue til Staten og Indkomst til Kommunen i Tilfælde af Dobbeltskatning har jeg herved den Ære at meddele, at den danske Regering med den islandske Regering er enig i, at de paa-gældende Overenskomster forlænges, saaledes at de finder Anvendelse med Hensyn til den for Skatteaaret 1931—1932 paalignede Statsskat og kommunale Indkomstskat og fremdeles bliver gældende for 5 Skatteaar til og med Skatteaaret 1935—1936.

En Aftale herom anser jeg derfor afsluttet mellem de to Regeringer med denne Note og med Deres tilsvarende Note af Dags Dato.

Modtag, Hr. Försteminister, Forsikringen om min mest udmærkede Højagtelse.

Fr. de Fontenay.

Hs. Excellence

Hr. Försteminister Ásgeir Ásgeirsson,

K. af D., p. p.

Reykjavík.